

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1992.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1992 verið ákveðið 7,05%.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Rúnar Hannesson.

Nr. 614

GJALDSKRÁ

16. desember 1991

um sorphirðu fyrir Seltjarnarnes árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1992.

2. gr.

Gjald fyrir 1992 er kr. 3 000,00 á hvern stað sem hreinsað er frá, og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfissráðuneytið, 16. desember 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 615

REGLUGERÐ

20. desember 1991

um bann við veiðum á Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 21. desember 1991 eru allar línuveiðar bannaðar á Faxaflóa norðan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Akranesviti.
2. Þormóðskver.
3. 64°37'4"N – 23°25'5"V.
4. Göltur við Hellnanes.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 530 21. nóvember 1991, um bann við línuveiðum í Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

19. desember 1991

Nr. 616

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 300/1991.

1. gr.

4. gr. hljóði svo:

- 1) Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða að fullu lyf, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri, enda þótt þau séu auðkennd „E“ í lyfjaskrá. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr., en í þeim tilfellum gildir þó ekki að sjúkratryggður þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur.
- 2) Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri þó þau séu auðkennd „O“ í lyfjaskrá. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr. og er greiðslu þá háttað samkvæmt 6. gr., þ.e. sjúklingur greiðir fastagjald. Í þeim tilfellum gildir þó ekki, að sjúkratryggður þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur.

Dæmi:

- a) Alvarleg truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi, áunnin eða meðfædd, Morbus Addisonii, meðfætt adrenogenital syndrome, meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica), vöðvaslenufár (myasthenia gravis) eða aðrir sjaldgæfir sjúkdómar.
- b) Síendurteknar alvarlegar sýkingar.
- 3) Lyfjaávisanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem auðkennd eru með „B“ í lyfjaskrá og falla undir eftirfarandi lyfjaflokka: N 04 A, N 05 A, N 06 A, og V 03 A.
- 4) Þegar sjúkratryggðir eiga skv. lögum, öðrum en lögum um almannatryggingar, rétt á lyfjum án endurgjalds, fá þeir lyfin greidd að fullu.

2. gr.

5. gr., stafliður a. hljóði svo:

- a. Lyf sem fáanleg eru í lausasölu (merkt „L“ í lyfjaskrá), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokki A 12 BA (kalíumlyf).

3. gr.

5. gr., stafliður c. hljóði svo:

- c. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir, þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 6. gr.:
 - J 01 A Tetracyklínsambönd.
 - J 01 C Beta-laktam sýklalyf, penicillín.